



Akstursíþróttadeild Ungmennafélagsins Heklu, kt. 510178-0849, hér eftir nefnt deildin, og sveitarfélagið Rangárþing ytra, kt. 520602-3050, hér eftir nefnt sveitarfélagið, gera með sér svohljóðandi samning:

### Þjónustu- og lóðaleigusamningur

#### vegna útbreiðslu á íþrótt- og tómstundastarfi í Rangárþingi ytra

##### 1. gr.

Þjónustusamningi þessum er ætlað að efla samstarf milli sveitarfélagsins, deildarinnar og UMF Heklu. Meginmarkmið samningsins er að viðhalda öfluglu og fjölbreyttu íþrótt- og tómstundastarfi fyrir börn og ungmenni í sveitarfélaginu, styrkja og treysta starfsemi deildarinnar og bæta aðstöðu fyrir akstursíþróttir í sveitarfélaginu.

Deildin mun leggja kapp á að veita iðkendum vélhjólaiþrótt aðstöðu til æfinga og keppni. Auka þannig möguleika iðkenda á að sinna íþróttinni við skipulagðar aðstæður og um leið að minnka líkurnar á því að slíkur akstur fari fram á stöðum þar sem meiri truflun og skemmdir á náttúru geta orðið.

##### 2. gr.

Stjórn deildarinnar hefur yfirumsjón með öllum samskiptum við sveitarfélagið vegna samningsins en tengiliður sveitarfélagsins er þjónustumiðstöð sveitarfélagsins og íþrótt- og tómstundafulltrúi. Deildin skal kynna innihald samningsins fyrir stjórn UMF Heklu og öðrum hagsmunaaðilum, s.s. leiðbeinendum, svo allir séu upplýstir um verklag og ábyrgð.

##### 3. gr.

Til að deildin geti gengt hlutverki sínu skv. samningi þessum þá fær hún til leigu og afnota lóð og afnotsvæði í eigu sveitarfélagsins. Hið leigða er lóðin Rangárvallavegur 1, lóðarnúmer 234963 ásamt afnotarétti af svæði utan lóðar sem eru nánar útlistuð hér fyrir neðan.

Eftirfarandi skilmálar gilda um hið leigða:

Lóðin er innan skipulagsreits á svæði fyrir akstursbrautir samkvæmt deiliskipulagi sem samþykkt var á fundi sveitarstjórnar þann 15. maí 2022 sbr. fylgiskjal nr. 1, og er hún hnitsett skv. meðfylgjandi lóðarblaði, fylgiskjal nr. 2, en lóðin er ca. 14 ha. að stærð.

AMK

Deildin fær einnig til afnota sameiginlegt svæði utan lóðarinnar vegna bílastæðis og aðkomuvegar frá Rangárvallarvegi. Deildin ber ábyrgð á samskiptum, samvinnu og skiptingu kostnaðar við aðra aðila sem kunna að starfa á deiliskipulagssvæðinu.

Sveitarfélaginu, sem eiganda landsins, er heimilt að leggja um svæðið lagnir, vegi og stíga, án bótaskyldu, vegna almannahagsmuna enda hafi slík skerðing ekki áhrif á starfsemi félagsins og ekki veruleg áhrif á afnot félagsins af lóðinni.

Á lóðinni er deildinni, í samræmi við samþykkt deiliskipulag og að fengnum tilskildum leyfum, heimilt að byggja upp og reka starfsemi tengda vélhjólaakstri í samræmi við gildandi deiliskipulag.

Sveitarfélagið ber ekki kostnað af uppbyggingu á svæðinu skv. samningi þessum s.s. af lagningu vega, vatns- eða rafmagnsæða eða annarra framkvæmda innan svæðisins.

Deildin skal hafa fullt samráð við sveitarfélagið um allar fyrirhugaðar meiriháttar framkvæmdir á svæðinu en hefur umboð til þess að gera breytingar á akstursbrautum í því augnamiði að uppfylla eðlilega þörf á fjölbreytileika, sporna gegn skemmdum og dreifa álagi. Deildin skal útbúa tímasetta framkvæmdaáætlun um allar helstu framkvæmdir við standsetningu svæðisins í upphafi, s.s. gerð brauta, gerð mana, sáningu, útplöntun, veglagningu o.fl. sem telst hluti af samningi þessum, fylgiskjal nr. 3.

Við viðhald svæðisins skal deildin leggja metnað sinn í að verja viðkvæm svæði og gróður og leggja sig fram við að ásýnd svæðisins í heild verði sem best. Borinn verði áburður og fræ á gróðurlaus svæði umhverfis brautirnar eftir þörfum til að viðhalda gróðurþekjunni og svæðið jafni sig fyrir. Deildin skal fylgjast markvisst með álagi á aðliggjandi gróðri og ef þurfa þykir að grípa til viðeigandi aðgerða til að koma í veg fyrir frekari skemmdir.

Lega akstursbrauta skal taka mið af landslagi, leitast verði við eftir fremsta megni að forðast allt óþarfa jarðrask og gróðurskemmdir og horfa til þess að öryggi notenda sé tryggt sem best. Leitast skal við að gróðurskemmdir og óþarfa jarðrask sé sem minnst og horft verði til þess að ekki komi til skemmda á landi vegna vorleysingavatns.

Eftir fremsta megni skal reynt að leggja brautir þannig að sem minnst beri á þeim séð frá þjóðveginum og gerð er krafa um að gerðar verði jarðvegsmanir á bilinu 2-3 m umhverfis alla lóðinna til að skerma svæðið af, m.a. til að auðvelda umferð annarra aðila í nærumhverfinu, s.s. hestamanna.

Aðgangur að aksturssvæðinu verður opin en undir stjórn og á ábyrgð deildarinnar. Deildinni er heimilt að innheimta hófstíllt aðstöðugjald enda sé því ætlað að standa undir viðhaldi á aðstöðu og framkvæmdum á svæðinu.

Amk



Skýrar umgengisreglur fyrir svæðið skulu vera sýnilegar á áberandi stað á svæðinu. Umgengisreglurnar skulu fá umfjöllun hjá heilsu-, íþrótt- og tómstundanefnd Rangárbings ytra sem og síðari breytingar sem á þeim kunna að verða gerðar. Deildin skal með reglulegum hætti kynna umgengisreglur fyrir félagsmönnum. Iðkendur sem brjóta gegn svæðisreglum geta sætt brottrekstri. Bílastöður eru einungis leyfðar á skilgreindum stæðum.

Opnunartími brautarinnar er að hámarki frá 11:00-21:00 og ber deildinni að fylgja því eftir að svæðið verði ekki notað á öðrum tíma án samþykkis sveitarfélagsins. Sveitarfélaginu er heimilt í samráði við deildina að fara fram á að opnunartími verði stytur við sérstakar aðstæður og á sama hátt er deildinni heimilt að leita eftir lengri opnunartíma við sveitarfélagið ef aðstæður kalla á það.

Einu sinni á ári setjast samningsaðilar niður og ræða stöðu mála og þróun svæðisins.

#### 4. gr.

Samningur þessi er tímabundinn og gildir í 10 ár frá undirskrift samnings þessa og lýkur án uppsagnar. Samningurinn er þó uppsegjanlegur af hálfu deildarinnar með 6 mánaða fyrirvara miðað við mánaðarmót. Sveitarfélagið getur á sama hátt sagt samningnum upp, verði á honum verulegar vanefndir sem leigutaki bregst ekki við. Skal sveitarfélagið gera deildinni skriflega grein fyrir kröfum á úrbótum með tímafresti. Uppsagnarfrestur skal vera 6 mánuðir miðað við mánaðarmót. Fyrir lok leigutíma er aðilar sammála um að setjast niður og ræða framtíð samningsins en deildin hefur forgang að nýjum samningi um svæðið.

Aðilar eru sammála um að eftir eitt ár frá undirskrift samnings þessa setjist aðilar niður og fari fyrir hvernig til hafi tekist og hvernig samningsaðilar hafi uppfyllt skilyrði samningsins.

Við lok gildistíma leigusamnings þessa og ef ekki kemur til framhald samstarfsins skal deildin skila sveitarfélaginu hinu leigða og eignarréttur að öllum jarðföstum mannvirkjum og föstum búnaði sem er nauðsynlegur og eðlilegur hluti af rekstri þeirra færast til sveitarfélagsins.

#### 5. gr.

Deildin greiðir ekki sérstaklega fyrir afnot af lóðinni eða viðbótarsvæða utan lóðarinnar. Deildin stendur hins vegar straum af allri uppbyggingu, viðhaldi og rekstri innan lóðar og einnig á sameiginlegum svæðum vegna bílastæða og aðkomuvegar. Deildin skuldbindur sig jafnframt til að kaupa allar nauðsynlegar tryggingar vegna svæðisins s.s. vegna mótahalds til að geta staðið undir þeirri ábyrgð sem á rekstri og starfsemi svæðisins hvílir.

AMK  
B

Deildin greiðir alla skatta og gjöld til opinberra þarfa, sem lögð eru eða lögð verða á hina leigðu lóð eða þau mannvirki sem kunna að vera reist á henni. Þá skal deildin bera ábyrgð á og kostnað af veitukerfum og hirðingu sorps í samræmi við reglur sveitarfélagsins hverju sinni.

Deildinni er óheimilt að framselja rétt sinn samkvæmt samningnum eða veðsetja réttindi sín á svæðinu án samþykkis sveitarfélagsins.

Til að ná markmiðum þessa samnings og stuðla að uppbyggingu svæðisins mun sveitarfélagið greiða deildinni kr. 4.000.000. Kr. 2.000.000 verða greiddar við undirskrift samnings þessa og kr. 2.000.000 þegar manir á svæðinu hafa verið mótaðar og fulltrúi sveitarfélagsins gert úttekt á þeim. Með greiðslunum koma ekki frekrari greiðslur til deildarinnar vegna uppbyggingar á svæðinu.

6. gr.

Deildin skuldbindur sig til að hlíta almennt þeim reglum og viðmiðum sem sveitarfélagið og UMF Hekla hefur gert í samningi sínum og skoðast sem hluti af samningi þessum, sbr. fylgiskjal nr. 4.

7. gr.

Deildin skuldbindur sig til að skila ársskýrslu, efnahags- og rekstrarreikningum til sveitarfélagsins og UMF Heklu eigi síðar en í apríl ár hvert ár. Verði vanefndir á skilum getur sveitarfélagið stöðvað rekstur svæðisins þar til gögnum hefur verið skilað.

8. gr.

Um frekari fjárveitingar til deildarinnar verður ekki að ræða á samningstímanum aðrar en þær sem koma fram í 5. gr.

9. gr.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor samningsaðili sínu eintaki.

Hellu, 19.04.2023

F.h. Akstursiþróttadeildar UMF Heklu



Atli Már Guðnason, formaður

F.h. Rangárþing ytra



Rangárþing ytra  
Sveitarstjórn

Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri

Samþykki UMF Heklu

Sindri Snær Bjarnason

Sindri Snær Bjarnason, formaður

Vottar

Fylgiskjöl.

1. Lóðablað, dags. 08.11.2022.
2. Deiliskipulag, dags. 12.05.2022.
3. Tímasett framkvæmdaáætlun.
4. Þjónustusamningur við UMF Heklu.

AMK






Hreinskrá	Nr.	Austur	Norður
	6	432488,21	370265,32
	7	432770,71	370308,24
	8	432903,93	370339,03
	9	432915,85	370165,43
	10	432716,19	369888,58
	11	432364,41	370090,41
	12	432832,13	370271,66
	13	432854,34	370260,19
	14	432847,45	370246,86
	15	432825,24	370258,34
	16	432863,53	370256,96
	17	432896,85	370239,75
	18	432886,52	370219,76
	19	432853,20	370236,97

Löbin er stofnuð úr Guðsstaðir, landnr. 164482 sem minnkar um það sem því nemur.

Adkoma er frá Rangárvallavegi (264).

Löbun er stofnuð úr Guðsstaðir, landnr. 164482 sem minnkar um það sem því nemur. Adkoma er frá Rangárvallavegi (264). Löbun er stofnuð úr Guðsstaðir, landnr. 164482 sem minnkar um það sem því nemur.



**Rangárbíng ytra**  
 Skipting- og byggingarritun

*Case 234 963*

**Rangárvallavegur 1, Rangárbíng ytra**

Landnúmer: \_\_\_\_\_  
 Lóðarbláð \_\_\_\_\_

<b>EFLA</b>	<b>Verksúmer:</b> 2146-029	<b>Blátsjár:</b> A3	<b>Málverk:</b> 1:2000	<b>Hritskafi:</b> ISN93
	<b>Teknúmer:</b> 1	<b>Útgáfa:</b> A	<b>Dagsetning:</b> 08.11.2022	<b>Númers-/Í-Scm:</b> Teknúmer: IS, Virlundur: PH

*Amk*

*[Signature]*





# AKSTURSÍPRÓTTA- OG AFPREYINGARSVÆÐI VIÐ HELLU

## Deiliskipulag

# Rangárþing ytra



DEILISKIPULAGSUPPTAKTUR 1:2.000

*AMK*



ADALSKIPULAG RANGÁRÞINGIS YTRA 2016-2028  
 SKIPULAGSGÖGN OG KORTAGRUNNUR  
 Skipulagsálgagn fyrir svæðið eru þessi:  
 - Deiliskipulagsupptaktur 1:2.000  
 - Grennagerð

Kortgrunnur  
 Skipulagsupptaktur er tekið á kortgrunni sveitarfélagsins.  
**BREYTING EFTIR AUGLUSINGU**

A upptaktur og grennagerð er gert grun fyrir Akstursbrautir og Afþreyingarsvæði. Á myndinni er sýnt til skýringar þessa svæðis og að þetta er í samræmi við stafræna matjafngagnaráttarvæðinguna.

### SAÐBYLTI

Deiliskipulag þetta, sem auglýst hefur verið skv. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í skipulags- og ungerðarnefnd þann 9.5.2022 og í sveitarstjórn Rangárþingis ytra þann 12.5.2022.

Tilgegn var auglýst frá 16.3.2022 með aftugisskiðalfrest til 21.3.2022

f.h. Rangárþingis ytra



Akurstur- og afþreyingarsvæði við Hellu  
 Rangárþing ytra  
 Deiliskipulag

VERK	BUDSTÆÐ	UMHÁ	RYNT
21.06-029	A.2	AKS	AJ/SOS
AKSTURSVÆÐI	OKMS	UMG.BREYTT	
1:2.000	ÚS.03.2022	05.05.2022	
SAMMÁLTI			



## Akstursípróttadeild Ungmennafélagsins Heklu

### Framkvæmdaáætlun

17.04.2023

#### Framkvæmdaáætlun akstursípróttasvæðis

2023	apríl	maí	júní	júlí	ágúst
Uppsetning mana á akstursípróttasvæði	xxxx	xxxx	xxxx	xxxx	xxxx
Mótun brautarstæða	xxxx	xxxx	xxxx	xxxx	xxxx
Merkja svæðið og gera það tilbúið fyrir notendur	xxxx	xxxx	xxxx	xxxx	xxxx
Planta og sá í manir	xxxx	xxxx	xxxx	xxxx	xxxx

Unnið er að því að setja upp manir, þegar því er lokið verður hafist handa við að móta brautarstæði innan svæðisins. Þegar efnið hefur sest aðeins til verður plantað og sáð í manir. Við stefnum að því að svæðið verði tilbúið fyrir notendur í júní 2023.

Næsta vetur verður svo tekin ákvörðun um frekari framkvæmdir þ.e. að leggja vatn og rafmagn inn á svæðið og byggja upp aðstöðuhús. Byggingareitirnir eru til staðar.



f.h. Akstursípróttadeildar Umf. Heklu

Atli Már Guðnason







Ungmennafélagið Hekla, kt. 510178-0849, nefnt hér eftir UMF Hekla og sveitarfélagið Rangárþingi ytra, kt. 520602-3050 gera með sér svohljóðandi samning:

### **Þjónustusamningur**

#### **vegna útbreiðslu íþróttá og tómsunda í skólaskarfi og Rangárþingi ytra**

##### **1. gr.**

Þjónustusamningi þessum er ætlað að efla samstarf milli sveitarfélagsins Rangárþings ytra og UMF Heklu. Meginmarkmið samningsins er að viðhalda öfluglu og fjölbreyttu íþróttá- og tómsundastarfi fyrir grunnskólabörn í sveitarfélaginu og styrkja og treysta starfsemi UMF Heklu. Þann 1. júní 2020 eru skráðir iðkendur UMF Heklu 180 börn á grunnskólaaldri og 10-15 eldri einstaklingar.

##### **2. gr.**

Formaður UMF Heklu hefur yfirumsjón með öllum samskiptum félagsins við skólaskjónendur grunnskólans á Hellu, forstöðumenn íþróttamannvirkja og sveitarfélagið vegna samningsins. Formaður skal kynna innihald samningsins fyrir stjórn UMF Heklu og öðrum hagsmunaaðilum, s.s. leiðbeinendum, svo allir séu upplýstir um verklag og ábyrgð.

##### **3. gr.**

Þjónustusamningurinn felur í sér árlega greiðslu að fjárhæð 2.750.000 kr frá Rangárþingi ytra til UMF Heklu. Greiðslur eru tvískiptar á árinu, í maí fyrir vormisseri og október fyrir haustmisseri og mun UMF Hekla senda reikning til sveitarfélagsins fyrir uppreiknaðri upphæð. Greiðslur miða við vísitölu neysluverð til verðtryggingar, sem er 469,8 í jan. 2020 skv. Hagstofa.is.

UMF Hekla sér alfarið um innheimtu æfingargjalda iðkenda.

*AMG*

4. gr.

UMF Hekla leggur kapp á að hvetja og stuðla að útbreiðslu íþrótta- og æskulýðsstarfs. Félagið mun standa fyrir fjölbreyttu íþróttastarfi og kappkosta um að fá hæfa leiðbeinendur hverju sinni.

5. gr.

UMF Hekla vinnu að útbreiðslu íþróttastarfs m.a. með skipulögðum æfingum fyrir börn í fjölbreyttum íþróttagreinum, s.s. frjálsum íþróttum, fimleikum, körfubolta, blaki og hreysti. Framboð greina getur verið mismunandi en hafa skal fjölbreytni að leiðarljósi. UMF Hekla mun í samstarfi við sveitarfélagið og grunnskólann á Hellu vinna að samfelli í tómstunda- og skólastarfi þannig að grunnskólabörnum standi til boða dagskrá að loknum hefðbundnum skóladegi.

UMF Hekla hefur umsjón með sumarnámskeiðum fyrir börn, ræður þjálfara / umsjónaraðila og annast skráningu. Lengd námskeiðs er samkomulagsatriði hverju sinni. UMF Hekla hefur reynt eftir fremsta megni að halda verðunum niðri og mun halda því áfram. Svo það sé hægt mun sveitarfélagið koma til móts við ungmennafélagið með því að útvega tvo áhugasama einstaklinga úr vinnuskólanum sé því viðkomið sem taka að sér umsjón á námskeiðunum á meðan á þeim stendur. Ef þörf er á frekari aðstoð við framkvæmd leikjanámskeiðsins sé það rætt tímanlega við forstöðumann vinnuskólans og bregst hann við ef hægt er.

6. gr.

Mikilvægt er að fram komi ábyrgð UMF Heklu á aðkomu þess að íþróttamannvirkjum sveitarfélagsins. Félagið skuldbindur sig til að sjá til þess að iðkendur, keppendur, þjálfarar og aðrir starfsmenn á vegum félagsins gangi vel um og fari í einu og öllu að umgengnisreglum íþróttamiðstöðvarinnar á æfingum, mótum og öðrum viðburðum á vegum félagsins.

Gerð er krafa um að náíð samráð sé milli þjálfara/mótsstjóra/ábyrgðarmanna og forstöðumanns og /eða starfsmanna íþróttamiðstöðvarinnar. Verði tjón á húsnæði og/eða á munum íþróttamiðstöðvarinnar skal það tafarlaust tilkynnt forstöðumanni með formlegum hætti.

7. gr.

UMF Hekla skuldbindur sig til að þjálfari eða staðgengill hans skuli vera mættir 10 mín áður en æfing hefst. Þetta er gert til að koma í veg fyrir einelti og halda uppi aga, einnig skal þjálfari fylgja hópnum eftir að æfingátíma er lokið af sömu ástæðum. Þjálfari skal sjá til þess að umgengnisreglum sé framfylgt í hvívetna á meðan hópur hans er í íþróttamannvirkjunum. Mæti þjálfari eða staðgengill hans ekki fellur æfingátíminn niður

AMK  
B

8. gr.

Stjórn UMF Heklu leggur metnað sinn í að ráða hæfa leiðbeinendur til starfa hjá félaginu. Auk þjálfunar skulu leiðbeinendur hvetja börn og unglinga til heilbrigðs lífennis og vera þeim góð fyrirmynd.

Samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar 14. febrúar 2018 þurfa öll félagsamtök sem bjóða upp á fristundiðkun fyrir börn og unglinga að setja sér siðareglur, viðbragðsáætlanir og fræða þjálfara/umsjónarfólk um ofbeldi, kynferðislega áreitni og kynferðisofbeldi. Einnig þarf að hafa jafnréttisáætlun, sýna fram á að farið sé eftir henni og að aðgerðaráætlun sé skýr. Styrkur samkvæmt 3 .gr. er því skilyrtur því að þessu sé skilað til sveitarfélagsins.

9.gr.

UMF Hekla fær aðgang að öllum íþróttamannvirkjum sveitarfélagsins fyrir starfsemi félagsins í samráði við forstöðumann íþróttamiðstöðvar og sveitarfélagið. Forsvarsmenn UMF Heklu skulu sjá til þess að iðkendur og aðrir á vegum félagsins virði umgengisreglur íþróttamiðstöðvarinnar. Öll notkun á íþróttamannvirkjum sveitarfélagsins er óháð greiðslu sbr. 3. gr. þessa samnings og reiknast sem styrkur til íþróttá- og tómsundastarfs félagsins.

10. gr.

Börn og unglingar með lögheimili í Rangárþingi ytra sem iðka íþróttir á vegum UMF Heklu eru tryggð af sveitarfélaginu. Um er að ræða sambærilega tryggingu og gildir fyrir grunnskólabörn.

11.gr.

UMF Hekla skuldbindur sig til að skila ársskýrslu, efnahags- og rekstrarreikningum til Rangárþings ytra eigi síðar en í apríl ár hvert og er það um leið skilyrði fyrir greiðslu styrkveitingar hvers árs sambærilegt 3.gr.

12.gr.

Um frekari fjárveitingar til UMF Heklu verður ekki að ræða á samningstímanum aðrar en þær sem koma fram í 3. gr.

13. gr.

Samningur þessi gildir frá 1.1.2020 – 31.12.2022. Samningurinn er uppsegjanlegur af beggja hálfu með 3 mánaða fyrirvara miðað við mánaðarmót og greiðist þá styrkur hlutfallslega fyrir það ár. Stefnt skal að gerð nýs samnings í framhaldinu. Verði ekki gerður nýr samningur framlengist þessi samningur til eins árs og taka upphæðir breytingum samkvæmt vísitölu neysliverðs til verðtryggingar.

Amk  
e

14. gr.

Samningur þessi er í 14. greinum og er fjórar bls. með undirskriftarblaði. Hann er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor samningsaðili sínu eintaki.

Hellu, \_\_\_\_\_

F.h. UMF Heklu

F.h. Rangárþing ytra

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Guðmundur Jónasson, formaður

Ágúst Sigurðsson, sveitarstjóri

Vottar

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

*Amk*  
*AS*